

**Minnisblað vegna fundar faghóps Úrbótasjóðs tónleikastaða í Reykjavík**  
-Tekið saman af verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur 26. nóvember 2020-

Að beiðni menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs var faghópur Úrbótasjóðs tónleikastaða í Reykjavík kallaður til fundar miðvikudaginn 25. nóvember til að fjalla um tvö mál:

1. **Beiðni tveggja styrkhafa um breytingu á styrkúthlutun.** Eigendur KEX hostels báðu um að fá að færa styrkinn af kennitölu Sæmundar í sparifötunum (sem sá um rekstur veitingastaðarins og varð gjaldþrota) yfir á fasteignafélagið S28 ehf., kt. 670417-0260. Þannig mun húsið sjálft eiga búnaðinn en ekki aðili í veitingarekstri í húsinu. Með þessu móti getur KEX nýtt styrkinn sem þeir fengu með réttu úthlutað fyrir KEX en í nafni veitingastaðarins. Rekstraraðilar Gauksins báðu um að fá að nýta hluta styrkuppþæðarinnar sem þeir fengu (u.þ.b. 400 þús) til að kaupa magnara í stað hjólastólalýftu.
2. **Afgangur í úrbótasjóði 2020.** Hitt málið snýst um hvað gera eigi við þá upphæð sem ekki tókst að úthluta úr sjóðnum í ár. Ýmsar hugmyndir voru lagðar fram, svo sem stuðningur við aðventudagskrá tónleikastaða í Reykjavík, hreinn rekstrarstuðningur til staðanna eða skyndiúthlutun styrkja vegna úrbóta.

Tillögur faghópsins eru eftirfarandi:

1. KEX fær heimild til að flytja styrk að upphæð 1.000.000 kr. af kennitölu Sæmundar í sparifötunum yfir á fasteignafélagið S28 ehf enda er það í raun rökréttari kostur. Enn stendur til að kaupa hljóðkerfi fyrir styrkinn en á síðustu árum hefur KEX verið öflugt í tónleikahaldi og staðið m.a. fyrir tónleikaröðinni KEXPort og hýst tónleika KEXP útvarpsstöðvarinnar í Seattle á Iceland Airwaves. Nú hefur nýr veitingarstaður verið opnaður á KEX, nýr viðburðastjóri ráðinn og til stendur að vera með röð viðburða bæði inni á staðnum og í portinu þegar kófinu lýkur.
2. Gaukurinn fær einnig heimild til að nýta hluta þess styrkjar sem staðurinn hafði fengið til að fjárfesta í hjólastólalýftu til kaupa á magnara í staðinn. Gaukurinn er einn allra langlífasti og mikilvægasti grasrótartónleikastaður borgarinnar. Rekstraraðilar staðarins hafa farið í mikla andlitslyftingu á staðnum í ár og nýtt samkomutakmarkanir m.a til að pússa upp gólf staðarins. Einnig er unnið að því að opna tónleikastaðinn Húrra við hliðina á Gauknum og er búið að opna á milli staðanna. Rekstraraðilar staðarins sýndu mikla ábyrgð með því að afþakka 1,7 milljónir króna til að koma upp hjólastólalýftu á staðnum þegar þeir sáu að vegna áhrifa COVID-19 væri þeim ekki stætt á því að standa við sitt mótframlag. Þegar kallað var eftir umsóknum í úrbótasjóð tónleikastaða sumarið 2019 sendi Gaukurinn inn tvær umsóknir, eina fyrir hjólastólalýftu og aðra fyrir hljóðkerfi. Báðar skorðu umsóknirnar hátt en faghópurinn ákvað að velja einungis eitt verkefni frá hverjum stað í fyrstu úthlutun. Í ljósi þess sem og mikilvægi Gauksins sem tónleikastaðar og þeirra andlitslyftingar sem gerð hefur verið á staðnum á tímum mikillar óvissu og lokanna telur faghópurinn réttlætanlegt að koma til móts við ósk rekstraraðilanna og veita Gauknum styrk að upphæð kr. 400.000 vegna kaupa á magnara.

3. Fjármagn sem ekki tókst að útdeila úr úrbótasjóði í ár vegna áhrifa COVID-19 að upphæð kr. 3.550.000 verði varið í sérstakan viðspyrnusjóð tónleikastaða til að styðja við viðburðahald í Reykjavík á aðventunni í formi streymis. Þannig fá tónleikastaðirnir verkefni og tónlistarfólk laun á afar krefjandi tímum. Skilyrði fyrir þátttöku í verkefninu er að um sé að ræða staði sem hafa í gegnum tíðina sinnt öflugum tónleikahaldi og skilgreinast þannig sem mikilvægir tónleikastaðir í borginni. Tónlistarborgin kallar eftir umsóknum frá stöðunum og verkefnastjóri fer yfir umsóknir ásamt faghópi sem tekur ákvörðun um úthlutanir úr sjóðnum. Við mat á umsóknum verður tekið mið af gæði dagskrár, kostnaðaráætlun og mikilvægi tónleikastaðanna fyrir tónlistarlífið í borginni. Ef þörf krefur verður kallað til aukafundar hjá menningar-, íþrótt- og tómstundaráði til að taka endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja. Allt þetta ferli þarf að gerast hratt svo hægt sé að hefja dagskrá tónleikastaðanna eigi síðar en 7. desember. Tónlistarborgin Reykjavík mun veita verkefninu öflugan stuðning með því að útvega streymisbúnað og greiða laun tækniteymis (kvikmyndatökumanns og hljóðmanns) sem stjórnar streyminu frá stöðunum til að samræma gæði og útlit. Einnig mun Tónlistarborgin Reykjavík hafa yfirumsjón með markaðssetningu og kynningu verkefnisins og dekkja kostnað við þann hluta enda verður verkefnið kynnt undir hatti tónlistarborgarinnar, ásamt verkefninu Elskum plötubúðir þar sem einnig fara fram tónleikar í streymi ásamt spjalli tónlistarspekúlanta og tónlistarfólks um útgáfur ársins og hvatningu til fólks um að kaupa íslenska tónlist í jólapakkann.